

Erindi til bæjarráðs Garðabæjar, 24 maí 2019

Góðan daginn.

Ég undirrituð, Guðríður Jóna Örlygsdóttir, er íþróttakennari að mennt og hef frá árinu 1991 sérhæft mig í þjálfun fullorðinna einstaklinga.

Frá árinu 2007 hef ég verið með starfsemi í Mýrinni í Garðabæ þar sem ég kenni vatnsleikfimi. Markhópur minn er fólk á finum aldri sem glímur við einhversskonar hreyfiskerðingu eða minnkandi getu til þjálfunar vegna stoðkerfisverkja, gigtarsjúkdóma, glímur við afleiðingar slysa eða vill einfaldlega nýta sér kosti þjálfunar í vatni. Ég er í samstarfi við Starfsendurhæfinguna Virk, við sjúkrahjálfa og íþróttakennara á Reykjalundi og Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði, auk sjúkrahjálfa vítt og breitt um borgina. Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt og á núliðnum vetri var ég með 6 fullsetna hópa í þjálfun. Að mestu leyti eru það Garðbæingar sem stunda þessa þjálfun þó allir séu að sjálfsögðu velkomnir.

Sundlaugin í Mýrinni hentar mjög vel fyrir þessa starfsemi, það er frábært að vinna í laug þar sem ekki þarf að taka tillit til annarra sundlaugargesta, búningsskelfarnir eru rúmgóðir og aðstaðan almennt ágæt þó ekki sé neinum sérstökum lúxus fyrir að fara.

Vandamálið er hins vegar hitastig laugar og loftræsting sem hefur verið versnandi vandamál.

Þegar ég byrjaði starfsemina árið 2007 var hiti laugar í kringum 31-31.5 sem telst nokkuð mikill hiti til þjálfunar. Á móti kom að loftið var frekar kalt og rakt svo það jafnaðist út. Á síðastliðnum árum hefur laugin verið kæld töluvert, á sama tíma hefur loftræstingin ekki verið lagfærð til að koma til móts við laugarhitann og andrúmsloftið hefur farið versnandi. Mælitæki á vegg sundlaugar sýna að vatnið sé á bilinu 29.2-29.6 en með vatnsmæli ofan í laug mælist raunhiti laugarinnar núna um 28 gráður. Úr loftinu kemur svo ískaldur, rakur gustur, sem er verulega óþægilegt fyrir axlir og brjóstakassa sem standa upp úr vatninu. Það er auðvitað augljóst að þetta er ekki einungis slæmt fyrir fólk, heldur er þetta ekki gott fyrir húsnæðið sjálft, of mikill raki leiðir auðvitað til margvíslegra vandamála.

Ég hef verið í samskiptum við Kára Jónsson íþróttafulltrúa vegna þessa máls, en hann segir ekkert hægt að gera eins og staðan er í dag, loftræstikerfið sé lélegt og anni ekki því sem það á að gera. Ég hef líka verið í miklum samskiptum við Friðbjörn Pálsson yfirþjálfara sunddeildar Stjörunnar og við erum algerlega sammála um að úrbóta sé þörf og það fyrir löngu. Yngstu iðkendurnir hjá sunddeildinni eru oft skjálfandi og kaldir meðan á æfingum stendur þannig að ánægjan af sundiðkun verður ekki sem skyldi. Íþróttakennarar skólanna hafa einnig lengi kvartað undan lélegum loftgæðum, raki í sundlaugarsalnum er allt of mikill og loftið þungt. Búningsskelfarnir eru kaldir og óþægilegt að koma þar inn eftir veruna í sundlauginni.

Þetta ástand hefur farið versnandi nú seinniþriðjung vetrar. Aldrei fyrr hef ég heyrt jafn margar kvartanir um kulda og óþægindi og því miður hafa fjölmargir hætt í þjálfun hjá mér vegna þessara aðstæðna. Ég hef heyrt frá Starfsendurhæfingunni Virk að þau séu farin að fækka verulega beiðnum til mín vegna kuldans, og það er verulega slæmt því þjálfun í vatni er oft besti kosturinn fyrir fólk á þeirra vegum.

Ég veit að allir helstu fræðingar bæjarins á þessu sviði vita af vandamálinu og hafa gert í mörg ár. Með þessu bréfi vil ég hvetja til þess að varanlegar útbætur verði gerðar sem allra fyrst og laugin verði lagfærð þannig að hún nýtist öllum á sem bestan hátt.

Með virðingu

Guðríður Jóna Örlygsdóttir, íþróttakennari,

220769 4969

G-jona@internet.is.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026